

Nr. 1257

15. desember 2015

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Rangárþings eystra.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

### *Deiliskipulagsbreyting fyrir Heimaland/Seljalandsskóla.*

Um er að ræða breytingu á gildandi deiliskipulagi svæðisins. Með deiliskipulagsbreytingunni eru skilgreindar lóðir undir núverandi byggingar á svæðinu, ásamt óbyggðu parhúsi. Byggingarreitir eru afmarkaðir og skilmálar eldra deiliskipulags uppfærðir.

Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt af byggðarráði Rangárþings eystra 13. ágúst 2015.

### *Deiliskipulag fyrir Neðri–Dal 3.*

Deiliskipulagið tekur til landspildunnar Neðri–Dalur 3, Vestur-Eyjafjöllum. Gert er ráð fyrir byggingu allt að 350 m<sup>2</sup> einbýlishúss ásamt bílskúr. Aðkomma að lóðinni verður frá Merkurvegi nr. 249.

Deiliskipulagstillagan var samþykkt af byggðarráði Rangárþings eystra 13. ágúst 2015.

### *Deiliskipulag fyrir Nýjabæ.*

Deiliskipulagið nær yfir tæpan hektara úr jörðinni Nýjabæ, Vestur-Eyjafjöllum. Gert er ráð fyrir byggingu tveggja smáhýsa og aðkomu að þeim.

Deiliskipulagstillagan var samþykkt af byggðarráði Rangárþings eystra 13. ágúst 2015.

Ofangreindar deiliskipulagstillögur hafa hlutið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 15. desember 2015.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

**Anton Kári Halldórsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 11. janúar 2016